

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/483*  
*komudagur 4.12.2002*



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Ágúst Geir Einarsson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289  
netfang: postur@ivr.stjr.is  
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 2. desember 2002  
Tilvísun : IVR02110063/10.203/GOG

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um framtíðarhlutverk Sementsverksmiðjunnar hf. þingskjal 133. Það er ljóst að Sementsverksmiðjan gegnir mikilvægu hlutverki við förgun úrgangsefna í dag og mun að óbreyttu gegna mun mikilvægara hlutverki í framtíðinni. Ráðamenn verksmiðjunnar hafa verið að vinna að þessum málum m.a. í samvinnu við Efnamótökuna hf og Spilliefnanefnd. Sementsverksmiðjan og Efnamótakan hafa undirritað viljayfirlýsingu og er markmið aðila að auka endurvinnslu úrgangsefna hér á landi, minnka þörf fyrir innflutt eldsneyti og bæta umhverfisímynd beggja fyrirtækja og landsins út á við. Búið er að vinna frumskýrslu að hálfu Sementsverksmiðjunnar um málið þar sem m.a. er farið yfir hvaða efnum er hægt að eyða, ávinningur samfélagsins og áætlaður kostnaður vegna fjárfestinga. Af þeirri skýrslu má ráða að það er óneitanlega hagur samfélagsins að Sementsverksmiðjan haldi áfram starfsemi sinni og taki aukinn þátt í eyðingu úrgangsefna. Að öðrum kosti munu Íslendingar í auknu mæli þurfa að flytja úrgangsefni úr landi þar sem leyfi til urðunar úrgangsefna eru alltaf að þrengjast. Ráðuneytið telur ekki þörf á þessu stigi að gerð sé frekari úttekt á þessum tíma en tekur undir að þörf sé á slíkri úttekt í framtíðinni.

F.h.r.